



Þórunn María Bjarkadóttir nefndarritari
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Alþingi
Erindi nr. P 135/1448
komudagur 18.2.2008

Seltjarnarnesi, 14. febrúar 2008
2008020080/91/SG/gh

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings á útgáfu starfsleyfa til landlæknis.

Hér er lögð til skynsamleg breyting á verkswiði heilbrigðisráðuneytis og landlæknis. Eðlilegt er að útgáfa starfsleyfa sé ekki í höndum ráðuneytis, enda liggur kæruleið þangað. Heilbrigðisráðuneytið hefur enda sent flestar ef ekki allar umsóknir um starfsleyfi til umsagnar landlæknis auk þess sem háskóladeildir, fagfélög eða sérstök ráð fjalla um þau einnig. Með þessum lögum er verið að einfalda verklag verulega og er það augljóslega til bóta. Engar athugasemdir eru gerðar við efnisatriði frumvarpsins enda Landlæknisembættinu kunnugt um þau meðan frumvarpið var í vinnslu. Þó er gerð athugasemd við umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um þann kostnað sem af þessu hlýst. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir að 7.5 milljónir flytjist frá ráðuneyti til landlæknis vegna þessarar breytingar. Í samræðum Landlæknisembættis og ráðuneytis hefur komið fram að áætlað er að mannaflaþörf þessa verkefnis nemi 1 ritara og ½ stöðu lögfræðings. Ólíklegt er að 7.5 milljónir séu nægjanlegar til þess, nær er að talan sé um 10 milljónir króna. Að sjálfsögðu er hluti þessa starfs allvel greypur í stein enda regluverk alla jafna fremur skýrt. Þó koma ætíð upp álitamál, einkum að því lýtur að umsóknum útlendinga um starfsleyfi, bæði innan og utan evrópska efnahagssvæðisins. Fer þetta mjög vaxandi og þar eru oft mikil lögfræðileg álitamál. Því er eindregið leitað eftir að séð verði til þess að nægilegur mannaflí sinni þessu verki.

Virðingarfyllt,



Sigurður Guðmundsson
landlæknir